

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Sandra Dögg Björnsdóttir og Íris Sveinbjörnsdóttir

Tímafjöldi: 5 kennslustundir



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn: Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Verkefni fyrir vasareikni, spil, leikir, gagnvirk verkefni og fjölbreytt ítarefni frá kennurum.

Lykilhæfni: Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag stærðfræðinnar	Nemandi: - Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. - Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum. - Getur undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði. - Tekur þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir. - Nýtir aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og getur rökstutt svör sín. - Getur búið til einföld reiknirit og tjáð þau með því að nota breytur, skilyrði og lykkjur. - Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákni og nýtir þau rétt við útreikninga. - Vinnur, einstaklingslega og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur.	Nemendur skrifa og sýna útreikninga og kynna lausnir fyrir öðrum. Þeir taka þátt í umræðum og útskýra aðferðir bæði munnlega og skrifalega. Einnig leysa þeir verkefni í hóp- og paravinnu. Reikniaðgerðir þjálfðar með skriflegum útreikningi og hugarreikningi, sem viðfangsefnum úr daglegu lífi.	Leiðsagnarmat, hópaverkefni, símat, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.
Tölur og reikningur	- Raðar náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð. - Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum. - Nýtir sér námundun með heiltölum. - Vinnur með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á talnalínu og á brotastriki.	Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem þjálfar færni til að lesa og skilja stærðfræðitákni. Hlutbundin gögn notuð þegar við á.	

	• Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna. • Notar grunnreikniaðgerðir til að finna lausn á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.		
Algebra	• Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og mynðrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. • Reiknar með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum. • Notar rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknar og staðsetur punkta í hnitakerfi. • Getur fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar. • Notar táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og lýsa sambandi milli stærða.	Unnið með regluleika í talarunum, mynstrum og myndum bæði einstaklingslega og í stöðvavinnu.	
Tölfræði og líkindi	• Safnar gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og getur túlkað á einfaldan hátt. • Gerir einfaldar tilraunir með líkum og setur í samhengi við spil. • Telur, flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja. • Les úr einföldum myndritum.	Nemendur vinna í hóp- eða paravinnu. Áhersla á umræður, skráningu og túlkun á niðurstöðum.	
Rúmfræði og mælingar	• Notar hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu. • Getur gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu. • Áætlar og mælir massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum. • Rannsakar, gerir tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn. • Les og notar mismunandi framsetningu á tíma, notar skífuklukku og stafræna klukku og les tímatöflur. • Áætlar og mælir ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum. • Speglar og hliðrar flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum.	Nemendur þjálfast í að nota mismunandi mælingar, gera rannsóknir, bera saman niðurstöður og túlka.	

	• Velur viðeigandi mælieiningu fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkir tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis. • Ber kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramída og strendinga.		
--	---	--	--